

## LEIKGARÐUR – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Desember 2015

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar



LEIKGARÐUR – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI .....	1
<b>Inngangur</b> .....	<b>4</b>
Leikskólinn Leikgarður .....	4
Greining .....	5
Stjórnun .....	7
Uppeldis- og menntastarf .....	8
Mannauður .....	9
Leikskólabragur .....	10
Innra mat .....	11

### Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

## INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats á leikskólanum Leikgarði sem fram fór í nóvember 2015. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

**Meginstef ytra mats á leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: – að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.**

**Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.**

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í nóvember 2015 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 23.-27. nóvember. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

## LEIKSKÓLINN LEIKGARÐUR

Leikskólinn Leikgarður tók til starfa árið 1993 og var rekin af Reykjavíkurborg til ársins 2006 þá keypti Félgasstofnun stúdenta leikskólann og hefur rekið hann síðan. Leikskólinn er staðsettur við Eggertsgötu 14, 101 Reykjavík.

Í leikskólanum eru fjórar deildir og 64 börn voru á leikskólanum í nóvember 2015. Leikgarður er ungbarnaleikskóli og eru 16 börn á hverri deild. Deildarnar heita; Svanakot, Hvolpakot, Kisukot og Bangsakot.

Leikskólastjóri er María Petrína Berg og þróunarstjóri er Íris Dögg Jóhannesdóttir.

### Styrkleikar:

Stefna leikskólans er HighScope og kemur hún skýrt fram í gögnum leikskólans. Starfsfólk og foreldrar þekkja stefnuna og geta nefnt dæmi um hvernig unnið er að henni.

Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir og unnið er eftir þeim. Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál og slysavarnir.

Leikskólastjóri tekur starfsþróunarsamtöl árlega og heldur skrá yfir símenntun og þekkingu einstakra starfsmanna. Leikskólastjóri hvetur starfsfólk til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi og eru skipulagsdagar vel nýttir til símenntunar. Hann hefur forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár.

Í daglegum athöfnum sýnir starfsfólk sveigjanleika eftir þörfum hvers barns. Dagskipulag er endurskoðað reglulega með þarfir einstaklingsins í huga. Skipulag húsnæðis gefur kost á samskiptum og samvinnu í sal. Svigrúm er til að mæta hreyfiþörf barna í leik og samskiptum.

Leikskólakennarar/deildarstjórar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn. Starfsfólk er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins. Starfsfólk leggur sitt af mörkum til að mynda góðan starfsanda og er ánægt með markmið og stefnu leikskólans. Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og notalegt. Börnunum líður vel í leikskólanum og eru glöð.

Foreldrar eru virkir þátttakendur í viðburðum á vegum leikskólans og eru foreldrasamtöl haldin reglulega. Almenn ánægja foreldra er með leikskólann, starf hans, stefnu og viðmót starfsfólks.

### Tækifæri til umbóta:

Leikskólastjóri sé faglegur leiðtogi og sjái til þess að mótun stefnu sé samvinnuverkefni starfsmanna og foreldra. Innleiða þarf námsvið aðalnámskár leikskóla og skólanámskrá í starfið og sjá til þess að starfið endurspegli námskrá leikskólans. Þróunarstjóri verði hluti af stjórnendateymi leikskólans og teymið fylgist með hvernig gengur að vinna eftir stefnunni. Þróunarstjóri virki stjórnendateymi í innra mati. Leikskólinn setji sér gildi/einkunnarorð út frá stefnu leikskólans.

Sett verði fram áætlun um mat á námi og velferð barna þar sem reglulegar skáningar eru gerðar á framförum þeirra. Gera mat á stöðu barna að samvinnuverkefni leikskóla og foreldra. Auka skipulega skráningar á námi barna, með það að markmiði að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim.

Að leikskólakennarar/deildarstjórar efli sig enn frekar í faglegri forystu og sjái til þess að áherslur í skólanámskrá og stefna leikskólans birtist á deildum. Starfsfólk noti virka hlustun, fylgi áherslum í hugmyndafræði leikskólans um þátttöku sína og íhlutun í leik barna.

Fylgja skal reglum um skipun foreldra í foreldraráð samkvæmt lögum um leikskóla 2008. Foreldraráð geri starfsáætlun og fundargerðir sem verði aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. Ákvarðanir er varða stefnu, leikskólahlald og leikskólaþróun verði lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar.

Í skólanámskrá verði fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf. Stjórnendateymi vinni matsáætlun nokkur ár fram í tímann sem endurspeglar að helstu þættir leikskólastarfsins verði metnir reglulega. Þar verði fjallað um hvernig markmið leikskólans verða metin markvisst og skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.

Þróð verði lýðræðisleg vinnubrögð með þátttöku starfsfólks við skipulag og framkvæmd innra mats. Foreldraráð taki þátt í að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati. Unnið verði markvisst með niðurstöður úr ytra mati við innra mat og birt í umbótaáætlun.

Umbótaáætlun verði gerð og hún birt í starfsáætlun á heimasíðu leikskólans. Umbótaáætlun verði í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Í umbótaáætlun verði tilgreindar markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru. Tilgreint verði í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða og séð til þess að umbótum verði kerfisbundið fylgt eftir.

### Það sem vel er gert:

Stefna leikskólans er HighScope og kemur hún skýrt fram í gögnum leikskólans. Starfsfólk og foreldrar þekkja stefnuna og geta nefnt dæmi um hvernig unnið er að henni.

Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir og unnið er eftir þeim. Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál og slysavarnir.

Leikskólastjóri tekur starfspróunarsamtöl árlega og heldur skrá yfir símenntun og þekkingu einstakra starfsmanna. Leikskólastjóri hvetur starfsfólk til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi og eru skipulagsdagar vel nýttir til símenntunar. Hann hefur forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár.

### Tækifæri til umbóta:

Leikskólastjóri sé faglegur leiðtogi og sjái til þess að mótun stefnu sé samvinnuverkefni starfsmanna og foreldra. Leikskólinn setji sér gildi/einkunnarorð út frá stefnu leikskólans. Þróunarstjóri verði hluti af stjórnendateymi leikskólans og teymið fylgist með hvernig gengur að vinna að stefnunni. Þróunarstjóri virki stjórnendateymi í innra mati.

Stjórnendur sjái til þess að markmið leikskólans komi skýrt fram í skólanámskrá og að hún verði unnin með þátttöku alls leikskólasamfélagsins. Stjórnendur sjái til þess að mat á framförum barna sé hluti af leikskólastarfinu. Stjórnendur sjái til þess að gerð sé áætlun um jafnrétti, byggða á 23. grein jafnréttislaga nr. 10/2008.

Starfsáætlun verði unnin með þátttöku alls leikskólasamfélagsins og að símenntunaráætlun og umbótaáætlun verði hluti af starfsáætlun.

Stjórnendur verði vakandi fyrir samstarfsmöguleikum og hvetji starfsfólk til þátttöku í verkefnum innan og utan leikskólans.

Stjórnendateymi samræmi á milli deilda það upplýsingaflæði sem fer til foreldra. Deildarstjórar sjái til þess að samningsbundinn undirbúningstími sé virtur.

Að gerð verði umbótaáætlun sem byggir á stefnu leikskólans og taki mið af niðurstöðum innra og ytra mats. Að gerð verði símenntunaráætlun sem endurspegli áherslur leikskólans og sé í samræmi við skólanámskrá. Að gætt sé samræmis milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar leikskólans, og verði birt í starfsáætlun.

### Það sem vel er gert:

Í daglegum athöfnum sýnir starfsfólk sveigjanleika eftir þörfum hvers barns. Dagskipulag er endurskoðað reglulega með þarfir einstaklingsins í huga. Skipulag húsnæðis gefur kost á samskiptum og samvinnu í sal. Svigrúm er til að mæta hreyfipörf barna í leik og samskiptum.

Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn. Jafnrétti og jöfn hlutdeild barna birtist á deildum. Komið er til móts við börn þegar þau langar að skipta um viðfangsefni og er sjálfsprottnum leik og athöfnum barna gefið nægjanlegt svigrúm.

### Tækifæri til umbóta:

Skoða námsefni og leikföng samanber gátlista um, *skipulag húsnæðis og leik og námsefnis*. Skoða efnivið með tilliti til margbreytileika mannlífsins. Að auka fjölbreytileika í viðfangsefnum barna og sjá til þess að þau höfði til margvíslegra áhugasviða þeirra.

Innleiða þarf námsvið aðalnámskár leikskóla og skólanámskrá í starfið og sjá til þess að starfið endurspegli námskrá.

Starfsfólk noti virka hlustun í samskiptum við börnin í daglegum athöfnum, taki þátt í leik barnanna og myndi tengsl við þau í leik. Að starfsfólk þrói verkefni eftir þörfum og nýti viðbrögð og áhuga barnanna. Sjá til þess að námsleiðir henti vel þörfum og færni hvers barns. Starfsfólk skoði hvernig má auka reglulega útiveru barna.

Starfsfólk geri ritmálið sýnilegt innan leikskólans og byggi markvisst upp námsumhverfi sem styður við málþroska og máltöku. Markvisst verði unnið með heimamenningu og verklag samræmt milli deilda.

Að starfsfólk noti fjölbreyttar leiðir til að hvetja börn til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum. Leitað verði leiða til að fá fram sjónarmið barna. Ánægja, áhugi og líðan barna verði nýtt sem vísbending í mati á leikskólastarfi.

Sett verði fram áætlun um mat á námi og velferð barna þar sem reglulegar skáningar eru gerðar á framförum þeirra. Gera mat á stöðu barna að samvinnuverkefni leikskóla og foreldra. Auka skipulega skráningar á námi barna, með það að markmiði að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim. Að starfsfólk fái leiðbeiningu og stuðning við gagnaöflun og skráningu.



**Það sem vel er gert:**

Leikskólakennarar/deildarstjórar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn. Starfsfólk er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins. Starfsfólk leggur sitt af mörkum til að mynda góðan starfsanda og er ánægt með markmið og stefnu leikskólans.

**Tækifæri til umbóta:**

Að leikskólakennarar/deildarstjórar efli sig enn frekar í faglegri forystu og sjái til þess að áherslur í skólanámskrá og stefna leikskólans birtist á deildum.

Deildarstjórar beri ábyrgð á að deildarfundir séu haldnir reglulega, deildarfundir verði vettvangur faglegrar umræðu og upplýsingamiðlunar. Á deildarfundum sé rætt um börnin, nám þeirra og stöðu.

### Það sem vel er gert:

Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og notalegt. Börnunum líður vel í leikskólanum og eru glöð.

Foreldrar eru virkir þátttakendur í viðburðum á vegum leikskólans og eru foreldrasamtöl haldin reglulega. Almenn ánægja foreldra er með leikskólann, starf hans, stefnu og viðmót starfsfólks.

### Tækifæri til umbóta:

Stjórnendateymi samræmi upplýsingagjöf til foreldra og leiti eftir sjónarmiðum þeirra varðandi upplýsingaflæði. Að hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum séu á heimasíðu leikskólans.

Sjá til þess að áherslur leikskólans endurspeglist enn frekar í verkum og viðhorfum starfsfólks. Starfsfólk noti markvisst hvatningu og ígrundað hrós í samtali við börnin þar sem lögð verði áhersla á það sem börnin gera vel. Að efla trú á getu og hæfni barna enn frekar.

Fylgja skal reglum um skipun foreldra í foreldraráð samkvæmt lögum um leikskóla 2008. Foreldraráð geri starfsáætlun og fundargerðir sem verði aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Ákvarðanir er varða stefnu, leikskólahlald og leikskólaþróun verði lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar.

Leikskólinn kynni sér *Ráðleggingar um næringu barna fyrir dagforeldra og starfsfólk ungbarnaleikskóla*. Sjá hefti frá Embætti landlæknis.

### Tækifæri til umbóta:

Í skólanámskrá verði fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf. Stjórnendateymi vinni matsáætlun nokkur ár fram í tímann sem endurspeglar að helstu þættir leikskólastarfinu verði metnir reglulega. Þar verði fjallað um hvernig markmið leikskólans verði metin markvisst og skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.

Þróuð verði lýðræðisleg vinnubrögð með þátttöku starfsfólks við skipulag og framkvæmd innra mats. Foreldraráð taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati. Unnið verði markvisst með niðurstöður úr ytra mati við innra mat og birt í umbótaáætlun.

Umbótaáætlun verði gerð og hún birt í starfsáætlun á heimasíðu leikskólans. Umbótaáætlun verði í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Í umbótaáætlun verði tilgreindar markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru. Tilgreint verði í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða og séð til þess að umbótum verði kerfisbundið fylgt eftir.

## VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.

Blátt – á ekki við/ekki metið.